

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 12. júní 2024

Mál nr. E-4862/2023:

A

(Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí 2024, var höfðað 5. september 2023 af A, [...], [...], gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi bótaskylda stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., úr frjálstri ábyrgðartryggingu B, kt. [...], vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í vinnuslysi 14. ágúst 2020. Jafnframt er krafist málskostnaðar.
- Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.

I

Helstu málsatvik

- Stefnandi starfaði sumarið 2020 sem sumarstarfsmaður í fiskvinnslu B á [...]. Þann 14. ágúst 2020 lenti stefnandi í vinnuslysi þegar hún var í lok vinnudags að þrifa færiband ásamt samstarfskonu sinni. Í stefnu kemur fram að stefnandi hafi verið beðin um að taka þátt í lokaþrifum eftir langa vakt, en hún hefði aldrei áður þrifið umrætt færiband og hefði ekki haft mikla reynslu af þrifum. Samstarfskona hennar hefði þó haft nokkuð meiri reynslu af þrifum og áður þrifið þetta tiltekna færiband.
- Tildrög slyssins munu hafa verið þau að stefnandi stóð uppi á palli við aðgerðarlínu í frystihúsi fiskvinnslunnar og bjó sig undir að skola færibaldið á línunni með þvottabyssu. Eftir aðgerðarlínunni gengur færiband með skóflum ofan í þvottakari og við þrif mun vatnið vera tæmt af þvottakarinu og bandinu lyft upp. Í stefnu kemur fram að á þessari tilteknu aðgerðarlínu hafi ekki verið sérstök „þrifastilling“ sem geri kleift að hafa færibaldið í gangi á hægari snúningi við þrifin, en slík stilling hafi verið á öðrum

- aðgerðarlínunum í vinnslusalnum. Samkvæmt gögnum málsins mun stefnandi hafa beðið samstarfskonu sína að stöðva færibandið en, eftir að því hafði verið lyft upp og á meðan stefnandi beið eftir því að færibandið stöðvaðist, kræktist skúffa af færibandinu í vinnuhanska stefnanda með þeim afleiðingum að vinstri baugfingur hennar klemmdist.
6. Stefnandi lét verkstjóra strax vita af meiðslum sínum og samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 8. september 2020, var henni í kjölfarið ekið til vakthafandi lækni á Eskifirði sem sendi hana heim eftir skoðun, en gekk frá tíma í skoðun og myndatöku fyrir stefnanda daginn eftir á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Eftir þá skoðun var stefnanda vísað á Sjúkrahúsið á Akureyri, þar sem hún var skoðuð 17. ágúst 2020 og þaðan var hún send á Landspítalann þar sem hún var tekin til aðgerðar 19. ágúst 2020.
 7. Í læknisvottorði C, bæklunar- og handarskurðlækni, dags. 11. ágúst 2022, er afleiðingum áverka stefnanda lýst. Í samantekt vottorðsins kemur fram að um sé að ræða áverka á vinstri baugfingri með broti inn í lið fingursins með eftirstöðvum í formi verkja, skertrar hreyfigetu, skerts grips og óþols vegna kulda og aðlögunar daglegra athafna. Í vottorðinu kemur einnig fram að stefnandi hafi á ný gengist undir aðgerð 4. mars 2021, þar sem hluti beins hafi verið fjarlægður úr fingrinum með töng.
 8. Samkvæmt fyrrgreindri lögregluskýrslu, dags. 8. september 2020, var slys stefnanda tilkynnt lögreglu 20. ágúst 2020. Lögregla skoðaði vettvang sama dag, tók myndir og ræddi við framleiðslustjóra B. Þá var tekin símaskýrsla af stefnanda 29. ágúst 2020. Samkvæmt gögnum málsins var slysið jafnframt tilkynnt til Vinnueftirlitsins þann 19. ágúst 2020 en engin rannsókn fór fram, að sögn vegna þess að ekki var tilkynnt um slysið „þegar það átti sér stað“. Þá var Sjúkratryggingum Íslands tilkynnt um vinnuslysið 3. september 2020 og þann 10. september 2020 skrifaði læknir upp á læknisvottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista þar sem kom fram að stefnandi væri óvinnufær með öllu frá slysdegi til 10. september 2020.
 9. Með bréfi, dags. 19. október 2021, gerði stefnandi kröfu um bætur úr frjálsri ábyrgðartryggingu B. hjá stefnda. Var þar á því byggt að slysið væri að rekja til ófullnægjandi vinnuaðstæðna og verklags, skorts á verkstjórn og þjálfun og brota á reglum um hvíldartíma starfsfólks. Enn fremur var byggt á því í kröfubréfinu að skort hefði fullnægjandi áhættumat, auk þess sem dráttur á tilkynningu til Vinnueftirlits leiddi til þess að B bæri halla af sönnunarskortum sem uppi kynni að vera um atvik máls.
 10. Stefndi hafnaði bótakröfu stefnanda með tölvupósti þann 14. júní 2022, m.a. með vísan til þess að slysið væri að rekja til óhappatilviljunar en ekki sakar B og væri það því ekki

bótaskyld úr frjálsri ábyrgðartryggingu félagsins. Var stefnanda jafnframt bent á að hún gæti skotið afstöðu stefnda til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum eða dómstóla.

11. Stefnandi skaut ákvörðun stefnda um að hafna bótaskyldu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með málskoti þann [...] 2023 og stefndi skilaði greinargerð til nefndarinnar þann [...] 2023. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar í máli nr. [xx]/2023 lá svo fyrir [...] 2023 og taldi nefndin að um óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi stefnanda hefði verið að ræða og ætti hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B.
12. Stefnandi og stefndi óskuðu sameiginlega eftir mati á afleiðingum slyssins þann 22. maí 2023 vegna bóta úr slysatryggingu launþega B hjá stefnda. Í fyrirliggjandi matsgerð D, læknis og sérfræðings í bæklunar- og handarskurðlækningum, frá 30. júní 2023, var niðurstaðan sú að heilsutjón stefnanda mætti rekja til vinnuslyssins 14. ágúst 2020. Jafnframt hefði tímabundin læknisfræðileg örorka stefnanda verið frá slysdegi til 10. september 2020 og varanleg læknisfræðileg örorka hennar væri 6%.
13. Í greinargerð stefnda kemur fram að lögmaður stefnanda hafi undirritað fyrir hennar hönd uppgjör úr launþegatryggingu þann 10. júlí 2023 og að stefndi hafi greitt stefnanda 1.429.478 krónur þann 12. júlí 2023 úr slysatryggingu launþega. Um þetta nýtur ekki við gagna í málinu en það er þó óumdeilt með aðilum.
14. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu, auk þess sem E verkstjóri gaf vitnaskýrslu fyrir dómi. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

15. Stefnandi kveðst byggja á því að slys hennar megi rekja til margvíslegra brota gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Váttryggingartaki og starfsmenn hans hafi þannig sýnt af sér margþætta saknæma háttsemi, sem orsakað hafi slys stefnanda.
16. Í fyrsta lagi sé á því byggt að vinnuaðstæður og verklag hafi verið í andstöðu við 37. og 46. gr. laga nr. 46/1980 og að öryggisfyrirmælum reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja hafi ekki verið fylgt. Það verklag að lyfta færíbandi upp úr þvottakari áður en slökkt var á því sé augljóslega til þess fallið að skapa slysaþættu og samræmist ekki greinum 2.8 og 2.13 í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006, þar sem fjallað sé um nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna hættu á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu. Stefnandi hafni því að nauðsynlegt hafi verið að hafa færíbönd í gangi við þrif, svo hægt

væri að þrifa þau á fullnægjandi hátt, enda hafi samstarfsmaður stefnanda verið á leið til að slökkva á færibandinu þegar slysið varð. Sá starfsmaður hafi haft mun meiri reynslu af þrifum við aðgerðarlínu en stefnandi og hafi því mátt þekkja þær hættur sem leitt gat af því að lyfta færibandinu upp úr þrifakarinu áður en slökkt var á því. Þá liggi jafnframt fyrir að þessi aðgerðarlína hafi verið frábrugðin mörgum öðrum í tækjasal váttryggingartaka að því leyti að á henni hafi engin „þrifastilling“ verið, þannig að hægt væri að láta færibandið ganga á hægari snúningi við þrif. Það hafi því verið sérstaklega varhugavert að hafa þetta tiltekna færiband í gangi, á fullum hraða, við þrifin. Engar skýringar né rök hafi komið fram, sem réttlæti það að standa að þrifum með þessum hætti, þvert á fyrirmæli reglugerðar um notkun tækja.

17. Í öðru lagi sé byggt á því að verkstjórn og þjálfun starfsmanna hafi verið ábótavant og ekki í samræmi við 14. gr. og 21.–23. gr. laga nr. 46/1980. Stefnandi vísi jafnframt til b-liðar 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006, þar sem sérstaklega sé áréttuð nauðsyn þess að starfsmenn sem annist umhirðu tækja fái til þess fullnægjandi þjálfun. Stefnandi hafði aðeins unnið hjá váttryggingartaka í nokkra mánuði þegar hún slasaðist. Við upphaf ráðningar hafi hún fengið almenna nýliðafræðslu og kynningu á umgengnisreglum fyrirtækisins, en hafi litla reynslu haft af þrifum og aldrei áður sinnt þrifum á þessari aðgerðarlínu. Stefnandi hafi enga þjálfun fengið til þessa verks né heldur neinar skýrar leiðbeiningar um nauðsynleg öryggisatriði áður en henni hafi verið falið að þrifa aðgerðarlínuna.
18. Stefnandi kveðst andmæla sem röngum þeim fullyrðingum váttryggingartaka að hún hafi „leyst af sem gæðastjóri yfir þrifum“ hluta úr sumri, áður en hún slasaðist, og fengið þjálfun í samræmi við það. Stefnandi hafi vissulega fengið þjálfun sem gæðastjóri í vinnslusal þegar hún hóf störf og hafi leyst af í því starfi nokkrar vaktir yfir sumarið. Það starf hafi hins vegar falist í því að taka gæðaprufur í vinnslunni, en ekkert haft með þrif að gera og þjálfun stefnanda við þetta hafi ekkert verið tengd þrifum, hvað þá að hún hafi verið yfir öðrum starfsmönnum við slík verk. Almennt hafi verið verkstjórar á hverri vakt yfir öðrum starfsmönnum við þrif. Þegar slys stefnanda varð hafi verið tveir verkstjórar váttryggingartaka við vinnu, en hvorugur þeirra tekið þátt í þrifum, leiðbeint eða verið í vinnslusal meðan þrifin fóru fram. Á því saknæma athafna- og afskiptaleysi starfsmanna sinna beri váttryggingartaki jafnframt skaðabótaábyrgð.
19. Þá sé í þriðja lagi á því byggt að áhættumat það sem stefnanda hafi verið kynnt við upphaf ráðningar hjá váttryggingartaka hafi ekki verið í samræmi við 65. gr. a í lögum

nr. 46/1980, enda hafi það ekki tekið á þessum verkþætti á fullnægjandi hátt. Í áhættumatinu sé ein færsla um „þvott og þrif“ þar sem einkum sé fjallað um meðferð hreinsiefna, varúð í umgengni við rafmagn, fallvarnarbúnað, nauðsyn þess að skrúfa fyrir vatn og slökkva á vélum eftir notkun. Ekkert sé þar fjallað um þrif á færiböndum, en þó tekið fram að á hreyfanlegum vélarhlutum skuli vera viðunandi hlífar eða varnarbúnaður sem „hindr[i] að unnt sé að komast á hættusvæði“. Að því takmarkaða leyti sem áhættumatið fjalli um þrif á hreyfanlegum vélarhlutum sé þannig ljóst að það verklag sem viðhaft var við þrif á aðgerðarlínunni þegar stefnandi slasaðist hafi alls ekki verið í samræmi við áhættumatið. Skorti þannig á upplýsingagjöf váttryggingartaka til starfsmanna sinna um áhættu og notkunarskilyrði tækja, sem mælt sé fyrir um í 7. gr. reglugerðar nr. 367/2006, sbr. einnig d-lið 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 920/2006, og jafnframt á eftirfylgni verkstjóra eða annarra yfirmanna með því að áhættumati væri fylgt. Á þessu beri váttryggingartaki skaðabótaábyrgð, sbr. m.a. dóma Landsréttar í málum nr. 89/2020 og nr. 402/2018.

20. Þá sé í fjórða lagi byggt á því að orsakir slyssins verði raktar til þess að vinnutilhögun þennan dag hafi brotið gegn 1. mgr. 53. gr. laga nr. 46/1980 um lögbundinn hvíldartíma starfsmanna, sem kveði á um að vinnutíma skuli hagað þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld. Þessi regla sé áréttuð í grein 2.4.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins, auk þess sem þar sé sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klukkustundir. Vinnudagur stefnanda hafi hafist klukkan 5:00, samkvæmt tilkynningu váttryggingartaka til Vinnueftirlitsins. Þegar slysið varð, klukkan 19:00, hafði stefnandi því verið við vinnu samfleytt í 14 klukkustundir og þannig ljóst að á þeim 24 tímum sem liðu frá upphafi vinnudags (frá kl. 5:00 þegar vinna hófst og til kl. 5:00 næsta dag) hafi hún ekki getað náð 11 stunda samfelldri hvíld. Breyti engu í því samhengi hvort hún hafi átt frídag daginn eftir eða hvenær vinnu hafi lokið daginn áður.
21. Raunar sýni launaseðill stefnanda fyrir tímabilið 1.–15. ágúst 2020 glögggt að á því tímabili hafi hún unnið langt umfram það að geta almennt náð lögbundinni hvíld milli vakta. Alls séu þar skráðir 72 tímar í dagvinnu, auk átta tíma á dagvinnukaupi vegna frídags verslunarmanna. Þá séu skráðir 86,5 yfirvinnutímar. Sé þessum vinnutímum (dag- og yfirvinnu) deilt á ellefu vinnudaga, þ.e. alla daga á tímabilinu 1.–14. ágúst nema sunnudaga og frídag verslunarmanna, sé meðallengd hvers vinnudags 14,4 tímar. Þá séu

á launaseðlinum skráðir 14,5 tímar í „áunninn hvíldartíma“, en samkvæmt grein 2.4.2 í kjarasamningi SGS og SA myndist slíkur réttur þegar „sérstakar aðstæður gera það óhjákvæmilegt að víkja frá daglegum hvíldartíma“, einn og hálfur tími fyrir hverja klukkustund sem fari umfram 13 tíma vinnudag. Við slíkar aðstæður skuli einnig, samkvæmt sama ákvæði kjarasamningsins, veita 11 klukkustunda hvíld í beinu framhaldi af vinnunni. Sá tímafjöldi sem skráður sé á launaseðil fyrir þetta tímabil, bæði yfirvinnutímar og áunnir hvíldartímar vegna vinnu umfram 13 klukkustunda vinnudag, bendi sterklega til þess að ítrekað hafi verið brotið gegn ákvæðum um hvíldartíma og langt umfram það sem réttlæta megi með „sérstökum aðstæðum til að bjarga verðmætum“.

22. Ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarks hvíldartíma starfsfólks milli vakta gegni meðal annars þeim tilgangi að tryggja að starfsmenn geti verið úthvíldir og með fulla athygli við störf sín. Sé vinna skipulögð með þeim hætti að ítrekað sé unnið umfram 13 tíma í einni lotu og án þess að nægilega löng hvíld sé veitt milli vakta blasi við að líkur á mistökum, óhöppum og aðgæsluleysi starfsmanna aukist til muna. Með því að skipuleggja vinnutíma með þeim hætti að starfsmenn náðu ekki fullri hvíld hafi váttryggingartaki brotið gegn ákvæðum kjarasamninga og lögum nr. 46/1980 og sýnt þannig af sér saknæma háttsemi, sem ásamt öðru hafi leitt til slyss stefnanda.
23. Slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Strax að kvöldi slysdags hafi legið fyrir að meiðsli stefnanda voru alvarleg, enda hafi komið í ljós við fyrstu skoðun að hún hefði að öllum líkindum brotnað illa á fingri. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, þar sem 79. gr. laganna var færð í núverandi horf segi (athugasemdir við 37. gr.):
„Með langvinnu eða varanlegu heilsutjóni er meðal annars átt við tilvik þar sem hinn slasaði missir útlim eða hluta af útlim, beinbrotnar, fer úr lið, fær meiri háttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða mengun.“
24. Slík slys skuli samkvæmt ákvæðinu tilkynna eigi síðar en innan sólarhrings. Þrátt fyrir að aðstoðarverkstjóri váttryggingartaka hafi strax sama kvöld verið meðvituð um að stefnandi hefði að öllum líkindum beinbrotnað hafi váttryggingartaki hvorki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits né lögreglu fyrr en mörgum dögum síðar. Þessi vanræksla váttryggingartaka hafi leitt til þess að slysið og orsakir þess hafi ekki verið rannsakaðar

af Vinnueftirlitinu. Lögregla hafi komið á vettvang þann 20. ágúst, en þar sem margir dagar hafi þá verið liðnir frá slysinu hafi sú rannsókn verið takmörkuð og t.a.m. ekki rætt við neinn þeirra starfsmanna sem hefðu getað upplýst um atvik í aðdraganda slyssins. Verði váttryggingartaki því að bera hallann af sönnunarskorti um atvik máls, þar á meðal hvað varði nauðsyn eða réttlætingu þess verklags að lyfta færibaldi upp úr aðgerðarlínu áður en slökkt hafi verið á því; fræðslu, þjálfun og verkstjórn; vinnu- og hvíldartíma. Í samræmi við dóm Landsréttar í máli nr. 217/2019 leysi það vinnuveitanda ekki undan sönnunarbyrði að þessu leyti þó Vinnueftirlitið láti undir höfuð leggjast að rannsaka slys, eftir að því berst tilkynning, enda standi það vinnuveitanda nær að fylgja tilkynningu eftir eða hlutast á annan hátt til um rannsókn máls.

25. Með vísan til alls framangreinds sé ljóst að vinnuaðstæðum og fyrirkomulagi vinnu, verklagi, þjálfun og verkstjórn hafi í veigamiklum atriðum verið verulega ábótavant. Á því beri váttryggingartaki ábyrgð í samræmi við 13. gr. laga nr. 46/1980, almenna sakarreglu skaðabótaréttar og reglur um vinnuveitandaábyrgð. Verði því að viðurkenna óskerta bótaskyldu stefnda úr ábyrgðartryggingu, sem B hafði hjá stefnda á slysdegi, enda liggi ekkert fyrir um að stefnandi hafi sjálf sýnt af sér slíkt aðgæsluleysi í aðdraganda slyssins að bótaréttur verði skertur vegna eigin sakar, sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993
26. Krafist sé viðurkenningar á bótaskyldu í málinu þar sem ekki liggi enn fyrir mat á öllu tjóni stefnanda samkvæmt skaðabótalögum. Með matsgerð D, dags. 30. júní 2023, sé staðfest að stefnandi varð fyrir bæði tímabundnu og varanlegu líkamstjóni vegna slyssins, sbr. 2.–5. gr. skaðabótalaga. Hafi stefnandi því lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningu á bótaskyldu stefnda vegna tjónsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

27. Stefndi kveðst hafna öllum málsástæðum stefnanda um skaðabótaskyldu stefnda og byggja á því að stefnandi eigi ekki rétt til greiðslu skaðabóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem váttryggingartaki hafi keypt hjá stefnda og var í gildi á slysdegi.
28. Tildrög slyssins hafi verið þau að stefnandi hafi staðið uppi á palli við aðgerðarlínu og búið sig undir að skola færibaldið á línunni með þvottabyssu. Á meðan hún hafi beðið eftir því að bandið stöðvaðist, en hún hafi sjálf beðið samstarfskonu sína að stöðva færibaldið, hafi skúffa á færibandinu krækst í vinnuhanska stefnanda með þeim

afleiðingum að baugfingur hennar klemmdist. Af gögnum málsins megi ráða að meginorsök slyssins hafi verið óhappatilviljun og/eða eigin sök stefnanda, þ.e. að stefnandi hafi ekki sýnt fullnægjandi aðgát við þessar aðstæður, vitandi af því að færibaldið var á hreyfingu, og hafi farið of nálægt færibandinu með höndina. Stefndi byggir á því að slysið sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans og því séu skilyrði bótaábyrgðar ekki uppfyllt.

29. Því sé þannig alfarið hafnað að vinnuaðstæður og verklag hafi verið í andstöðu við 37. og 46. gr. laga nr. 46/1980 og að öryggisfyrirmælum reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja hafi ekki verið fylgt í umrætt sinn. Vinnu hafi verið hagað og hún framkvæmd þannig að gætt hafi verið fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 37. gr. laganna. Fyrir liggir að umrædd aðgerðarlína sé CE-merkt og uppfylli hún því þar til gerðar kröfur. Þá hafi það sem fram komi í áhættugreiningu váttryggingartaka fyrir mismunandi verkþætti, undir liðnum „vinna við vinnslulínu“, með öllu verið uppfyllt, þ.e. að á hreyfanlegum vélarhlutum, eins og umræddri aðgerðarlínu, skuli vera viðunandi hlífar eða varnarbúnaður sem hindri að unnt sé að komast á hættusvæði. Undir sama lið segi einnig að stranglega sé bannað að vera með hendur inni á milli í færiböndum sem séu í gangi og að stöðva skuli færibönd ef þess þarf. Búnaðurinn hafi því verið þannig úr garði gerður að gætt hafi verið fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. 47. gr. fyrrgreindra laga. Ljóst sé því að viðeigandi búnaður hafi verið á tækinu sem uppfylli jafnframt ákvæði greinar 2.8 í I. viðauka reglugerðar nr. 367/2006. Þá eigi grein 2.13 í viðaukanum ekki við í þessu máli, enda ekki um að ræða viðhald á tækjum í umrætt sinn.

30. Fyrir liggir að verklag váttryggingartaka hafi verið á þann veg að færibandinu á aðgerðarlínunni hafi verið lyft upp úr kari til þess að auðvelda þrif, eins og sjá megi á myndbandi sem sé á meðal gagna málsins. Slíkt verklag hafi verið til þess fallið að þrifa færibaldið almennilega þar sem að öðrum kosti yrðu hráefnisleifar og óþrif eftir á færibandinu. Þegar slysið gerðist hafi stefnandi verið að bíða eftir því að bandið stöðvaðist og því sé þess vegna alfarið hafnað að verklagið, þ.e. að lyfta færibandinu fyrst upp úr kari áður en hægt væri að skola það, hafi verið til þess fallið að skapa slyshættu. Fyrir liggir að stefnandi hafi verið fullmeðvituð um aðstæður enda hafi hún beðið samstarfskonu sína að slökkva á færibandinu áður en hún byrjaði að þrifa. Stefndi telji það sýna fram á að stefnandi hafi þekkt vel aðstæður og henni hafi mátt vera ljóst að full ástæða væri til að sýna sérstaka aðgát enda hafi hún séð að færibaldið var í gangi.

Byggi stefndi þannig á því að tjón stefnanda verði aðeins rakið til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis hennar sjálfrar.

31. Því sé jafnframt alfarið mótmælt sem röngu og ósönnuðu að verkstjórn og þjálfun starfsmanna váttryggingartaka hafi verið ábótavant og ekki í samræmi við 14. gr. og 21.–23. gr. laga nr. 46/1980, sem og b-lið 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006. Fyrir liggja að stefnandi hafi hlotið nýliðafræðslu, „Með allt á hreinu“, eins og aðrir starfsmenn váttryggingartaka og hafi kynnt sér umgengisreglur váttryggingartaka, auk þess sem hún hafi fengið fræðslu/verklega þjálfun sem gæðastjóri. Hafi stefnanda því mátt vera fullljóst hvernig þrifum skyldi háttað, auk þess sem fyrir liggja að hún hafi áður sinnt þrifum á færriböndum við vinnu sína. Það hafi því ekki getað farið fram hjá stefnanda hverjar aðstæður voru á svæðinu umrætt sinn.
32. Þá telji stefndi að ekki hafi verið þörf fyrir sérstaka þjálfun eða verkstjórn við að sýna eðlilega aðgát á meðan færribandið væri enn á hreyfingu í þessari stöðu. Stefndi hafni því að sök verði lögð á váttryggingartaka af þeirri ástæðu að þjálfun hafi verið áfátt eða vegna þess að verkstjórar hafi ekki tekið þátt í þrifum á færribandinu í umrætt sinn. Atvikið hafi aðeins verið óhappatilviljun eða eigin gáleysi stefnanda um að kenna, enda hafi stefnandi þekkt vel til aðstæðna. Byggi stefndi þannig á því að stefnandi þurfi að bera tjón sitt að fullu enda verði váttryggingartaka eða starfsmönnum hans ekki um það kennt.
33. Það liggja fyrir að þegar slysið varð hafi stefnandi staðið uppi á einum pallinum, búið sig undir þrif á færribandinu og verið að bíða eftir að slökkt yrði á því. Umrætt verklag hafi verið í samræmi við það áhættumat sem stefnanda hafi verið kynnt við upphaf ráðningar hjá váttryggingartaka, sem hún hafi undirritað 18. maí 2020. Þá hafi verklagið jafnframt verið í samræmi við 65. gr. a í lögum nr. 46/1980, enda segi m.a. undir liðnum „Þvottur og þrif“ í áhættumati váttryggingartaka að aldrei skuli reyna að ná hráefni úr vélbúnaði sem sé í gangi, að á hreyfanlegum vélarhlutum skuli vera viðunandi hlífar eða varnarbúnaður sem hindri að unnt sé að komast á hættusvæði og að slökkva skuli á vélum og ganga frá þeim að lokinni notkun þannig að þær skapi ekki hættu. Ljóst sé því að ekki hafi skort á upplýsingagjöf váttryggingartaka til starfsmanna um áhættu og notkunarskilyrði tækja, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 367/2006 og reglugerðar nr. 920/2006.
34. Því sé einnig alfarið hafnað að vinnutilhögun þennan dag hafi brotið gegn 1. mgr. 53. gr. laga nr. 46/1980 um lögbundinn hvíldartíma starfsmanna. Í 1. mgr. greinarinnar sé

kveðið á um að vinnutíma skuli haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld. Í 2. mgr. segi að með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins sé heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

35. Daginn fyrir slysið, eða þann 13. ágúst 2020, hafi stefnandi lokið vinnu klukkan 15:21. Á slysdegi, þ.e. föstudeginum 14. ágúst 2020, hafi stefnandi hafið störf klukkan 05:00 og því sé ljóst að stefnandi hafi fengið að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld á milli vinnudaga. Slysið hafi átt sér stað um klukkan 19:00 þann 14. ágúst en þann tiltekna dag hafi starfsfólk verið að vinna af sér laugardaginn með því að klára aðgerð síðdegis og fram á kvöld sem annars hefði verið daginn eftir, eins og fram komi í stefnu. Þegar slysið hafi orðið hafi stefnandi hins vegar verið að þrifa og ganga frá eftir vinnudaginn.
36. Samkvæmt grein 2.4.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins, sem var í gildi frá 2019–2022, skuli haga vinnutíma þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld. Verði því við komið skuli dagleg hvíld taka til tímabilsins milli kl. 23:00 og kl. 06:00. Þá segi einnig að óheimilt sé að skerða átta klukkustunda samfellda hvíld. Slysið hafi átt sér stað á föstudegi, eins og áður segi, og stefnandi átt frí daginn eftir og því ekki um brot á lögbundnum hvíldartíma að ræða. Þá hafi stefnandi jafnframt fengið frítökurétt, þ.e. áunninn hvíldartíma, eins og komi fram á launaseðli hennar.
37. Stefndi mótmæli jafnframt þeirri málsástæðu stefnanda að váttryggingartaki hafi vanrækt skyldur sínar skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 þar sem slysið hafi ekki virst vera þess eðlis í fyrstu að líkur væru á langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, enda um klemmdan fingur að ræða. Slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þann 19. ágúst 2020, eða fimm dögum eftir að það átti sér stað, sama dag og stefnandi fór í aðgerð á fingri, og verði að telja það án ástæðulausrar tafar.
38. Þrátt fyrir þá tilkynningu váttryggingartaka hafi Vinnueftirlitið ekki sinnt því að rannsaka vettvang slyssins og geti váttryggingartaki ekki borið ábyrgð á því. Þá sé ekki heldur ágreiningur um málsatvik sem slík og því ekki ástæða til þess að láta stefnda bera hallann af sönnunarskorti. Aðstæður hafi verið óbreyttar þegar tilkynningin var send og ekkert liggi fyrir um að ekki hafi verið unnt að rannsaka atvik að slysinu með fullnægjandi hætti þótt tilkynningin hafi borist fimm dögum eftir að atvikið átti sér stað. Þá liggi fyrir

í málinu lögregluskýrsla eftir að lögregla skoðaði vettvang þann 20. ágúst 2020 en ekkert nýtt hafi verið leitt í ljós við þá skoðun.

39. Með hliðsjón af framangreindu telji stefndi að slys stefnanda sé að rekja til óhappatilviks eða aðgæsluleysis stefnanda en ekki saknæmrar háttsemi váttryggingartaka. Skilyrðum bótaábyrgðar sé því ekki fullnægt og beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

IV

Niðurstaða

40. Í máli þessu er deilt um hvort bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu B hjá stefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir sökum vinnuslyss í fiskvinnslu fyrirtækisins í [...] þann 14. ágúst 2020. Stefnandi höfðar málið sem viðurkenningarmál á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og með hliðsjón af gögnum málsins og atvikum öllum er uppfylltur áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni.
41. Málsatvik varðandi það hvernig slys stefnanda átti sér stað eru í raun óumdeild. Í skýrslu stefnanda fyrir dómnum kom fram að umrætt sinn hefðu hún og samstarfskona hennar verið að þrifa í lok vinnudags. Búið hefði verið að lyfta færibandinu upp til að komast að þvottakarinu undir bandinu og hefðu þær verið að spúla með þvottabyssu þegar hún hefði beðið samstarfskonuna að fara og slökkva á bandinu. Stefnandi lýsti því að hún hefði staðið upp á palli, þeim sama og staðið væri á þegar verið væri að vinna við fisk, og snúið vinstri hlið sinni að færibandinu á meðan hún beið eftir að samstarfskonan slökkti á því. Stefnandi kvaðst ekki muna hvað gerðist næst að öðru leyti en því að hún hefði fundið eitthvað í fingrinum og kippt hendinni frá. Í lögregluskýrslu er haft eftir stefnanda að hún átti sig ekki á hvað gerðist, hún hafi „ekki verið að teygja sig neitt, heldur hafi ein skóflan á færibandinu bara náð í puttann og klemmdi hann á milli skóflunnar og stoðar í færibandinu“ og að þetta hafi gerst mjög snögglega. Um þessa lýsingu stefnanda, svo langt sem hún nær, er ekki ágreiningur í málinu.
42. Í málinu er hins vegar m.a. deilt um það hvort stefnandi hafi haft einhverja reynslu af þrifum í fiskvinnslunni. Sjálf bar stefnandi um það fyrir dómnum að hún hefði aldrei áður unnið við þrif á vinnustaðnum, en vitnið E verkstjóri bar um að stefnandi hefði oft áður komið að því að þrifa færibönd. Í lögregluskýrslu er haft eftir stefnanda að hún hafi verið „að vinna við að þrifa aðgerðaraðstöðu og var þetta í fyrsta skipti sem hún var að vinna þetta verk“. Í stefnu málsins segir hins vegar að stefnandi hafi „aldrei sjálf þrifið

Þetta færiband og í raun lítið starfað við þrif, hafði nokkrum sinnum spúlað færibönd yfir vinnudaginn en ekki tekið þátt í reglulegum alþrifum í lok dags“. Er samkvæmt framansögðu ekki fullt samræmi milli þess sem kemur fram í lögregluskýrslu og framburðar stefnanda fyrir dómi og svo málavaxtalýsingar í stefnu hvað þetta varðar.

43. Stefnandi byggir á því að slys hennar sé að rekja til margvíslegra brota vinnuveitanda gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Vísar stefnandi einkum til þess að þjálfun, fræðslu og verkstjórn hafi verið ábótavant og ekki í samræmi við 14. gr. og 21.–23. gr. laganna og 6. og 8. gr. reglugerðarinnar, að vinnuaðstæður og verklag hafi verið í andstöðu við 37. og 46. gr. laganna og greinar 2.8 og 2.13 í I. viðauka reglugerðarinnar, að fyrirbyggjandi áhættumat hafi ekki verið í samræmi við 65. gr. a í lögnum, að brotið hafi verið gegn fyrirmælum 79. gr. laganna um tilkynningarskyldu og loks að ákvæði 53. og 54. gr. laganna um lögboðinn hvíldartíma hafi ekki verið virt.
44. Samkvæmt gögnum málsins fékk stefnandi nýliðafræðslu þegar hún hóf störf í fiskvinnslunni 18. maí 2020 og kynnti sér einnig umgengnisreglur fyrirtækisins. Þá bera málgögn með sér að stefnandi hafi einnig fengið fræðslu og verklega þjálfun sem gæðastjóri þegar í upphafi. Enn fremur liggur fyrir í gögnum málsins áhættumat fyrirtækisins og þann 18. maí 2020 ritaði stefnandi nafn sitt því til staðfestingar að hún hefði lesið áhættumatið og skilið það. Á slysdegi hafði stefnandi starfað hjá B í þrjá mánuði og við aðalmeðferð málsins kom fram að hún hefði einnig lokið einu ári af þremur í námi í sjávarútvegsfræðum.
45. Í skýrslu stefnanda fyrir dómi kom fram að hún hefði gert sér grein fyrir þeirri hættu sem gæti stafað af færiböndum eða vinnslulínnum sem væru á hreyfingu. Fyrir liggur að stefnandi gerði sér grein fyrir því að færibaldið var á hreyfingu umrætt sinn, enda hafði hún beðið samstarfskonu sína að fara og slökkva á bandinu og slysið átti sér stað á meðan hún var að bíða eftir því. Í ljósi starfsreynslu stefnanda, sem og þess að hún hafði lokið einu ári í námi í sjávarútvegsfræðum, verður að leggja til grundvallar að hún hafi búið yfir nægilegri reynslu og þekkingu til þess að vita hvernig fara ætti að við þrif á fiskvinnslufæribaldi. Er þá jafnframt haft í huga fyrrgreint ósamræmi í málalíbúnaði stefnanda í stefnunni annars vegar og í framburði hennar fyrir dómi og í lögregluskýrslu hins vegar hvað varðar reynslu hennar af þrifum í fiskvinnslunni.
46. Ekki er fallist á það með stefnanda að fyrirbyggjandi áhættumat, sem stefnandi kynnti sér og skrifaði undir, hafi ekki uppfyllt kröfur 65. gr. a í lögum nr. 46/1980. Í áhættumatinu

um verkþáttinn „Þvottur og þrif“ kemur fram undir liðnum „Áhættugreining“ að þar geti m.a. verið um að ræða „Klemmi-, skurð- og flækjuhætt[u]“. Undir liðnum sem fjallar um „Úrbætur og öryggisstjórnun til að minnka áhættu“ segir m.a. að aldrei skuli reyna að ná hráefni úr vélbúnaði sem sé í gangi og að á hreyfanlegum vélarhlutum skuli vera viðunandi hlífar eða vélbúnaður sem hindri að unnt sé að komast á hættusvæði og loks að slökkva skuli á vélum og ganga frá þeim að lokinni notkun þannig að þær skapi ekki hættu. Þá kemur fram um verkþáttinn „Vinna við vinnslulínu“ að á meðal áhættugreininga þar sé hætta á að festast í færriböndum og að stranglega sé bannað að vera með hendur inni á milli í færriböndum í gangi. Óumdeilt er í málinu að stefnandi starfaði um sumarið á vinnslulínunum og henni var því eða mátti vera ljós sú hætta sem af slíkum vélum getur stafað, auk þess sem hún staðfesti það í framburði sínum fyrir dómnum. Bar henni því að gæta sérstakrar varúðar við vinnu sína umrætt sinn.

47. Verður samkvæmt framansögðu að telja að fræðsla og þjálfun stefnanda hafi verið fullnægjandi og jafnframt að áhættumatið hafi uppfyllt skilyrði 65. gr. a í lögum nr. 46/1980. Í ljósi þess að stefnandi gerði sér grein fyrir hættunni er ekki fallist á að verkstjórn hafi verið ábótavant, enda ljóst að stefnandi hafði verið upplýst um hættuna af því að standa of nálægt færribandi á ferð. Hefur þar ekki þýðingu hvort stefnandi hafði fengið sérstaka verkstjórn og þjálfun í þrifum færribanda, sem felast í tiltölulega einfaldri aðgerð, þegar ljóst er að hún hafði fengið þjálfun og fræðslu um að halda hæfilegri fjarlægð frá færribandi á ferð.

48. Þá hefur það að mati dómsins ekki sérstaka þýðingu að á þessu tiltekna færribandi eða vinnslulínu hafi ekki verið sérstök „þrifastilling“. Vitnið E verkstjóri bar um að á því hefði verið hraðastilling og að hægt hefði verið að hægja alveg niður á bandinu. Þá er á meðal gagna málsins mynd af stjórnborði færribandsins sem um ræðir og ber myndin með sér að þar eru tveir hraðastillingartakkar, annar merktur „slæ[g]ing“ og hinn merktur „innmötun“. Hefur að mati dómsins ekki verið sýnt fram á að eðlismunur sé á færribandi með „þrifastillingu“, þ.e. sem hægir verulega á bandinu, og svo færribandi með hraðastillingu sem hægt er að nota til að hægja niður í mjög lítinn hraða, svo sem verkstjórinn bar fyrir dómnum að ætti við um þetta tiltekna færriband. Óumdeilt er í málinu að færribandið var með CE-vottun og uppfyllti því í það minnsta lágmarkskröfur um slík tæki. Þá liggur ekkert fyrir í málinu annað en að færribandið hafi virkað vel og uppfyllt allar öryggiskröfur, m.a. um viðeigandi hlífðarbúnað.

49. Meðal gagna málsins er mynd af sams konar aðgerðarlínu og stefnandi var að þrífa þegar slysið varð, auk þess sem það liggja fyrir tvö myndskleið af umræddri aðgerðarlínu eða færiband. Myndskleiðin sýna að til þess að unnt sé að þrífa bandið er nauðsynlegt að lyfta því upp úr svokölluðu þvottakari. Ágreiningur málsins snýst m.a. um hvort forsvaranlegt hafi verið að lyfta bandinu upp úr karinu áður en slökkt var á því eða ekki og hvort það hafi verið nauðsynlegt að hafa bandið í gangi við þrifin. Af framburði verkstjórans fyrir dómi mátti ráða að það væri í raun lagt í hendur starfsmanna að ákveða hvorri aðferðinni væri beitt. Að mati dómsins er ljóst að hvort heldur sem slökkt er á bandinu áður en því er lyft upp eða ekki hljóti að vera nauðsynlegt að hreyfa við bandinu, eftir atvikum á lágum hraða, svo unnt sé að þrífa alla hluta þess þannig að uppfylltar séu kröfur um hreinlæti í matvælaframleiðslu. Af myndskleiðunum verður þó að mati dómsins ekki séð að meiri hættu sé af færibandinu í hækkaðri stöðu en er almennt af færiböndum sem eru á hreyfingu og stefnandi var meðvituð um, enda voru á bandinu viðeigandi hlífur, sbr. grein 2.8 í I. viðauka reglugerðar nr. 167/2008. Þá er ekki fallist á það með stefnanda að þrif á tækjum falli undir viðhald á tækjum sem fjallað er um í grein 2.13 í I. viðauka fyrrgreindrar reglugerðar. Er það mat dómsins samkvæmt framansögðu að stefnandi hafi ekki fært sönnur á að vinnuaðstæður og verklag hafi verið andstætt ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerð nr. 167/2006.
50. Stefnandi byggir á því að stefnda hafi borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins innan sólarhrings, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, þar sem strax hafi komið fram að líkur væru á að fingurinn væri brotinn og vísar þar um til læknisvottorðs, dags. 10. september 2020, sem sent var Sjúkratryggingum Íslands. Dómurinn telur ekki unnt að fallast á það með stefnanda að vinnuveitanda hennar hafi mátt vera það ljóst strax sama dag að um beinbrot væri að ræða, þótt grunur hafi verið um brot og vegna þess gruns hafi verið ákveðið að senda stefnanda í frekari skoðun og myndatöku á fingrinum. Er fallist á það með stefnda að atvikið hafi ekki þótt vera svo alvarlegt í upphafi að tilefni væri til þess að vinnuveitandi stefnanda tilkynnti um það til Vinnueftirlitsins innan þeirra skömmu tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Við túlkun laga og málsatvika verða þannig ekki gerðar óraunhæfar kröfur til málsaðila út frá þeirri vitneskju sem lá fyrir á þeim tíma sem málsatvik urðu og er það mat dómsins að slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins án ástæðulausrar tafar.
51. Þá er að mati dómsins vandséð að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði bætt nokkru við þær upplýsingar sem eru tiltækar í málinu, en engin vitni urðu að slysi stefnanda og er hún

því ein til frásagnar. Ber hér einnig að líta til þess að undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að ætla að aðstæður í fiskvinnslunni hafi nokkuð breyst á þeim fimm dögum sem liðu frá því stefnandi slasaðist við vinnu sína og þar til tilkynnt var um atburðinn til Vinnueftirlitsins. Þá er óumdeilt í málinu að aðstæður voru óbreyttar er lögregla kom og tók myndir og skoðaði vettvang. Enn fremur lýsti stefnandi aðdraganda og tildrögum slyssins þegar lögregla tók af henni símaskýrslu og er það mat dómsins að málið hafi verið eins vel upplýst og unnt var og að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði ekki bætt neinu við. Er einnig horft til þess að tildrögum slyssins er lýst með sama hætti í stefnu og greinargerð og því enginn ágreiningur um málsatvik hvað þetta varðar.

52. Af hálfu stefnanda er loks byggt á því að brotið hafi verið gegn kjarasamningi og ákvæðum 53. og 54. gr. laga nr. 46/1980 um vinnutilhögun og hvíldartíma og að orsakir slyssins verði m.a. raktar til þess. Í 1. mgr. 53. gr. laganna er kveðið á um að vinnutíma skuli hagað þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld. Í 2. mgr. 53. gr. er kveðið á um að með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins sé heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg. Í 54. gr. laga nr. 46/1980 er svo kveðið á um vikulegan frídag, sem skal að minnsta kosti vera einn á hverju sjö daga tímabili. Þó er heimilt að fresta vikulegum frídegi, með samningum aðila vinnumarkaðarins, vegna eðlis hlutaðeigandi starfa, svo og þegar tiltekna ytri aðstæður krefjast þess, enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið. Í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og AFLs Starfsgreinasambands, sem var í gildi þegar slys stefnanda átti sér stað, er fjallað um daglegan hvíldartíma í grein 2.4.1 og um frávik og frítökurétt í grein 2.4.2. Fyrirnefnda ákvæðið er áréttung á ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 46/1980 og er þar tekið fram að verði því við komið skuli dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 og 06:00. Þá sé óheimilt að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klukkustundir. Í síðarnefnda ákvæðinu í kjarasamningnum kemur fram að við sérstakar aðstæður, þegar bjarga þurfi verðmætum, megi lengja vinnulotu í allt að 16 klukkustundir og skuli þá veita 11 klukkustunda hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra daglauna. Þá er tekið fram að heimilt sé að fresta hvíldinni og veita hana síðar, en í öllum tilfellum sé þó óheimilt að skerða átta klukkustunda samfellda hvíld.

53. Óumdeilt er í málinu að stefnandi hafði unnið mjög mikið dagana fyrir slysið en samkvæmt yfirliti yfir vinnutíma stefnanda hafði vinnutími hennar farið umfram 13 klukkustundir í átta daga af 14 dögum, að meðtöldum slysdeginum. Er það mat dómsins með hliðsjón af eðli starfsins, sem er fiskvinnsla og felst því í vinnslu viðkvæms hráefnis, að uppfyllt hafi verið skilyrði laganna og kjarasamningsins um sérstakar aðstæður, þannig að heimilt hafi verið að víkja frá almennum reglum um vinnutíma og hvíldartíma. Þá er enn fremur óumdeilt að daginn fyrir slysið lauk stefnandi vinnu kl. 15:21 og á slysdegi hóf hún störf kl. 05:00. Þegar slysið varð kl. 19:00 var hún því búin að vinna í 14 klukkustundir, en daginn eftir slysið átti stefnandi að vera í fríi. Þá ber launaseðill stefnanda það með sér að hún fékk jafnframt frítökurétt, þ.e. áunninn hvíldartíma í samræmi við grein 2.4.2 í kjarasamningnum. Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á það með stefnanda að um hafi verið að ræða brot gegn ákvæðum laganna og kjarasamningsins um vinnutilhögun og hvíldartíma. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á orsakatengsl milli langs vinnudags hennar og slyssins en um það ber hún sönnunarbyrði eftir almennum reglum skaðabótaréttarins.
54. Að atvikum málsins heildstætt virtum verður ekki á það fallist að vinnuslys stefnanda 14. ágúst 2020 verði rakið til skorts á fræðslu, þjálfun og verkstjórn, annmarka á vinnuaðstæðum og verklagi eða annarra atvika sem váttryggingartaki beri ábyrgð á. Að mati dómsins er engin ályktun nærtækari en að slysið verði rakið til þess að stefnandi hafi staðið of nærri færibandinu umrætt sinn, þrátt fyrir að henni hafi verið ljós hættan sem stafar af færiböndum á ferð. Í ljósi þessa hafi stefnanda borið að sýna sérstaka aðgæslu við færibandið og halda hæfilegri fjarlægð frá því.
55. Að þessu gættu er niðurstaða dómsins að slys stefnanda sé óhappatívik sem einkum verði rakið til aðgæsluleysis stefnanda sjálfar en ekki til atvika eða aðstæðna sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á vegna sakar váttryggingartaka eða starfsmanna hans. Samkvæmt þeirri niðurstöðu á stefnandi ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu váttryggingartaka hjá stefnda vegna þess atviks sem um ræðir. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður.
56. Af hálfu stefnanda flutti málið Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður og af hálfu stefnda flutti málið Kristín Edwald lögmaður.
57. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður.

Guðrún Sesselja Arnardóttir